



Stjórnarfundur haldinn 27. des. 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Borist hafa jólakort frá deildum félagsins einnig frá fyrirtækjum og velunnurum félagsins. Aðalstjórn þakkar þessum aðilum fyrir hlýhug í garð Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags.

3. Send bréf.

Engin.

4. Málefni knattspyrnudeildar Keflavíkur.

Bréf frá Sævari Péturssyni gjaldkera knattspyrnudeildar Keflavíkur þar sem hann fer fram á að fá heimild til yfirdráttar í Sparisjóðnum í Keflavík. Óskað er eftir leyfi til að taka sex milljónir til 1. febrúar 2005 og fimmhundraðþúsund til 1. apríl 2005. Með bréfinu er fylgiskjal sem sýnir í hvað á að nota peningana og hvernig hann hyggst greiða þá til baka.

Aðalstjórn Keflavíkur heimilar knattspyrnudeild félagsins að taka allt að 6.000.000.- krónur yfirdrátt í Sparisjóðnum í Keflavík frá 28.12.'04 til 1. febrúar 2005 og 500.000.- til 1. apríl 2005.

6. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:40.

